

Ed.

137. Nefndarálit

um frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarpsgreinin hljóðar um það, að veita frú Björgu C. Þorláksdóttur dr. phil. íslenskan ríkisborgararjett, og telur nefndin sjálfsagt, að það verði samþykkt.

En nefndinni hefir borist frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frumvarp til laga um að veita tveim norskum mönnum íslenskan ríkisborgararjett. Fylgdi frv. þessu svo hljóðandi greinargerð:

»1. Jetvald Lorang Jacobsen, sem er fæddur í Lödingensprestakalli í Noregi, kom hingað til lands 1919 og hefir að mestu dvalið hjer síðan. Hann á íslenska konu.

2. Einar Andreas Olsen Færseth, sem er fæddur í Vegaprestakalli í Noregi, fluttist hingað 1917 og hefir dvalist hjer síðan. Hann er giftur íslenskri konu.

Menn þessir hafa sótt um ríkisborgararjett, og hafa hlutaðeigandi lög-reglustjórar og bæjarstjórnir lýst því yfir, að ekkert sje frá þeirra hálfu til fyrir-stöðu veitingu ríkisborgararjettar.

Þá kynti nefndin sjer skjöl þau, er umsóknum þessum fylgdu, og vill hún leggja til, að þessum mönnum verði veittur íslenskur ríkisborgararjettur, og tekur það upp sem breytingu við frumvarpið. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Frumvarpsgreininna skal orða svo:

Ríkisborgararjettur skal veittur:

1. Frú Björgu Caritas Þorláksdóttur dr. phil., sem fædd er á Íslandi, en hefir mist íslenskan ríkisborgararjett.
2. Jetvald Lorang Jacobsen, beyki í Reykjavík, sem fæddur er í Noregi.
3. Einari Andreas Olsen Færseth, verkamanni á Siglufirði, fæddum í Noregi.

Alþingi, 10. febr. 1928.

Jón Baldvinsson,
form. og framsm.

Jón Þorláksson.

Ingvar Pálmason.
fundaskrifari.